

## Til Hennar

Eins mikið og það fór í taugarnar á mér. Olli mér miklum leiðindum og sársauka. Tár féllu. Hjarta mitt er eins og tveir seglar, fastir saman. Kraftlitlir en skila sínu hlutverki vanalega vel. Seglar eru forvitnilegt fyrirbæri og verða því oft að miðpunkti athyglinnar á meðal þeirra sem vilja skilja og prófa. Ónærgætið fólk hefur leikið sér að hjarta mínu oftar en ég man. Haldið seglunum mínum fast í greipum sér og notað allt sitt afl til þess að ná þeim í sundur. Þau vita ekkert endilega um tilvist sársaukans sem þau eru að valda mér en eitthvað segir mér að sú vitneskja hefði engin áhrif á gjörðir þeirra. ,

,Ég er bara að fíflast í þér maður”

Orðtak þeirra fáfróðu til þess að særa, skaða og meiða með hreinni samvisku og mannorði óhnjöskuðu. Brennt barn forðast eldinn og ég er brenndur. Ég hef alltaf notað alla mína krafta til þess að forðast eldinn en fætur mínir duga ekki alltaf langt er hann kemur askvaðandi á eftir mér. Ef ég vissi ekki betur þá myndi ég halda að seglarnir mínir væru ástæðan fyrir sífelldum hlaupum mínum. Auðvitað veit ég að svo er ekki engu að síður. Mitt vandamál hefur líklegast verið að standa of nálægt neistanum. Labba að flugeldinum sem pabbi kveikti í á gamlárskvöld en fór út af einhverjum ástæðum ekki upp í loft. Setja stefnu mína að honum og í snertingarfjarlægð springur hann í andlitið á mér. Skilinn aftur afmyndaður með ekkert nema sorg og reiði í hjarta.

Nú syndi ég í eldhafi. Ég veit að það mun líða að því að bálið tekur allt sem eftir er af mér en þangað til mun ég halda von í mínum seglum. Von um stúlkuna sem engri ég hef kynnst líkri. Það þykir ekki frásögu færandi þegar ungt fólk ánetjast efnum sem eiga að veita gleði. Vanalega eru efni þessi innbyggð í gegnum munninn í vökvaformi, nefið í duftformi, muninn í pilluformi eða lungun í reykformi. Ég innbyr öll mín efni í gegnum önnur skynfæri. Mitt efni er hún. Hún sendir mér reyk frá vörum hennar sem eyru mín draga að sér og skilja mig eftir í svo mikillri alsælu að ég veit að ég verð að halda mig nálægt eldinum. Andlit hennar, eftir fyrstu sjón varð ekkert annað fagurt. Ég drekk andlit hennar í gegnum augun mín. Sviplaus, 28% en bragðast samt vel svo hægt er að innbyggja í miklu magni. Varast skal hinn tímabundna dauða. Bros 60% og bragð betra en orð fá lýst. Hættulegt við inntöku en svo gott að sælan drekkir allri skynsemi. Það eina sem ég vil er hún. Það eina í öllum heiminum sem ég vil og þrái er hún, en ég veit að hún stendur í

eldinum. Ég veit að þeim mun nær sem ég kemst að henni, þeim mun heitara verður allt í kringum mig. Til þessa hef ég ekki þolað mikinn hita en þoli ég kuldann eitthvað betur? Er hægt að koma til baka og lifa einhverju nálægt eðlilegu lífi eftir að hafa séð aðra eins fegurð? Mankynið getur ekki lifað af án sólarinnar. Ég er ekki partur af mankyninu en hún er fyrir mér allt það sem sólin er mankyninu. Án hennar ég veit að veröldin yrði ekkert nema kuldi og myrkur. Sólin mín og það sem heldur í mér lífinu. Hún gefur mér ástæðu til þess að vilja lifa og það er hún sem gerir heiminn minn fagrann. Ég veit samt að hún er ekki mín. Ég er fastur á milli steins og sleggju. Ég vil ekki lifa í kuldinum, ég vil ekki brenna en hversu lengi get ég haldið mér í óvissusvæðinu, svæðinu þar sem ég veit ekki hvað er heitt og hvað er kalt. Svæðinu þar sem ég get í raun ekki vitað neitt fyrir víst en áhyggjur og þælingar drekkja mér. Brenna, drukna, frjósa?

Afhverju þarf val mitt að vera svona?

Eða nú þegar ég þæli í því er ekki um mikið val að ræða. Allir þessir valkostir munu enda með dauða mínum og ég veit að hann er óumflýjanlegur. Skiptir það mig í raun einhverju máli hvernig hann kemur?

Varla eru síðustu andartök ævi minnar svo mikilvæg að ég sé tilbúinn að gefa upp vonina á hamingjusömu lífi aðens vegna þess að ég óttast dauðaorsök mína. Einn valkosturinn sker sig frá hinum. Öðruvísi er hann af þeim ástæðum að stúlkan ein getur slökkt í eldinum sem umlykur hana. Ef hún vill mig eiga myndi ég hamingju svo mikla finna að ég þyrfti ekki að óttast eldinn. Enn þá er vonin til þrátt fyrir að vera ekki mikil. Líklegast mun hún ekki vilja eiga mig og seglana mína. En ef svo vill til að töfrar heimsins og stjörnuryk verði í óvenjulega háu magni og á mínu bandi í andrúsmloftinu og hún tekur mig í arma sér og tungur okkar og líkamar munu snertast og verða eitt, er svo ekki víst að um hamingju til æviloka sé að ræða. Er kraftur ástarinnar og hamingjunnar sterkari en eldurinn sem umlykur hana og eldurinn sem býr inn í mér. Eldurinn sem magnar upp allt sem býr innra með mér, býr til fjall úr grjótinu og gerir mér svo margt ókleift og erfitt. Ég verð að láta á það reyna og vona. Ég er fugl, ég verð að fljúga. Sem fuglinn fagur ég flýg inn um glugga hennar og játa mína ást. En hvernig skal hjartað sigra með ástarjátningu?

Til þess þarf eitthvað meira en nokkur orð úr munni. Með tilveru mína að veði verður mín játning að vera svo fögur að ekkert hjarta getur hana staðist. Kulið hjarta mun aldrei heim minn heimsækja er ég hef samið henni ljóð svo fagurt að stjörnur alheimsins mynda tvö hjörtu í himninum sem verða svo eitt. Þannig verða hjörtu okkar eftir að ég hef kveðið henni ástarljóð mitt. Hvernig orð á blaði ef rétt raðað upp, rétt valin og rétt notuð geta vakið upp dýpstu tilfinningar mannfólksins hefur alltaf vakið áhuga minn og vakið svo vel að æft hef ég og fullkomnað þá list.

Strjúktu mér um vængina  
Áður en þeir fölna  
Breiddu yfir mig sængina  
Það eina sem ég vil ert þú

Hyldu mig áður en fjaðrir mínar  
Fjúka með vindinum og hverfa  
Taktu mig í hendur þínar  
Það eina sem ég vil ert þú

Þú ert það eina sem veitir mér yl  
Gefðu mér hlýju áður en ég kólna  
Vetur eða sumar ég veit og ég skil  
Það eina sem ég vil ert þú

Bros þitt flug mitt hækkar  
Og Augun hví ég brosi  
En er þú snýrð í mig baki það lækkar  
Það eina sem ég vil ert þú

Misst hef ég sjón og þú afneitar mér  
Fjaðrirnar veikjast og losna  
Rigningu úr tárur hún ekki sér  
Það eina sem ég vil ert þú

Týndur og villtur búinn að tapa  
Hvers á ég að gjalda  
Án fjaðra og vængja núna ég hrapa  
Það eina sem ég vil ert þú

Skell í jörðinni brátt mun ég lenda  
Ekkert mín bíður við grasið  
Í allar áttir og tún mun ég enda  
Það eina sem ég vil ert þú

Ást mín og hjarta stúlkan er sú  
Ylur og flæði stúlkan er sú  
Tilgangur lífs míns stúlkan er sú  
Þessi Stúlka og Það eina sem ég vil ert þú

Lykillinn að hjarta hennar hefur verið smíðaður og er því best að halda í leiðangurinn sem mun, að öllum líkindum ef dæmt er eftir útkomu ljóðsins, bjarga lífi mínu.

Ég stend fyrir utan húsið hennar og hringi bjöllunni að íbúð hennar á þriðju hæð. Ég hringi og hringi en ekkert gerist, ekkert svar fæ ég sama hversu oft ég hringi. Hví vill hún mér ekki svara? Ég veit að hún er heima, hún hefur allavegana ekkert farið úr húsi síðan að hún kom heim úr vinnunni. Ætli hún hafi farið að heimsækja einhvern í sama húsnæði? ætli það sé annar maður í spilinu og ég sé kominn með samkeppni? ef svo er þá votta ég honum alla mína samúð því orð mín á blaði eru svo kröftug að best væri að líkja við töfrabrögð. Hvert orð mun þyngja og styrkja ástarálög mín á hana þar til hún mun ekki elska neitt í veröldinni annað en mig. Nei svo sannarlega er ekki um neina samkeppni að ræða. Hún er ekki svoleiðis stúlka, að vera með tvo í takinu. Gæti þó verið að vinkona hennar búi í sömu byggingu, ætli hún sé ekki bara í heimsókn hjá henni? Gæti verið, en það gæti líka verið að hún telji það vel sloppið að komast óhindrað upp í íbúð til hennar til þess að leggja á hana ástarálög. Hún veit hversu mikill dýrgripur hún er og auðvitað vill hún að sá sem að hana fær að eiga geri allt í sínu valdi til þess að fá hana. Hún þráir riddaramennsku og hugrekki. Einhvern sem hún veit að er tilbúinn til þess að gera allt til þess að geta kallað hana sína. „Sem fuglinn fagur ég flýg inn um glugga hennar og játa mína ást“ Sem fuglinn fagur ég flýg inn um glugga hennar og játa mína ást. Vængir mínir eru kannski ekki þeir kröftugustu eða hröðustu en ég veit að með hana sem innblástur mun mér takast að fljúga inn um glugga hennar til þess að játa ást mína. Ég hef ekki flogið áður en það er núna eða aldrei. Með líf mitt og hamingju að veði ég blaka vængjum mínum af öllum lífs og sálarkröftum til þess að komast inn um gluggann og þá verður allt breytt. Brátt mun öll óvissa deyja og vissan mun taka við. Ég flýg og finn um leið hjarta mitt hitna. Hærra og hærra ég flýg og hjartað mitt hitnar meira og meira. Ég er alveg að komast að glugganum og finn hvað andrúmsloftið hitnar og hitnar. Ég verð að ná henni úr eldinum. Verð að sigra eldinn með ljóði mínu. Glugginn er opinn en ég sé ekki inn um hann strax. Flugu mínu er lokið. Ég er kominn með handtak á gluggasýllunni og nú er ekkert eftir nema að klifra inn. Klifra inn í híbýli eldsins og stúlkunnar fögru. Ég lyfti höfði

mínu upp fyrir gluggasýlluna og strax er mér brugðið svo voðalega. Eldurinn sem ég óttast mest stendur beint fyrir aftan stúlkuna fögru sem hefur þó ekki enn tekið eftir mér er hún situr í stól við eldhúsborðið og les tímarit. Ég finn líkama minn svitna undan hitanum og enni mitt svitna undan óttanum við eldinn. Eldinn sem mig brennt hefur svo oft. Eldinn sem hefur komið sér bakvið allar þær manneskjur er mig langað hefur að kynnast og brennt mig við fyrsta tækifæri er hann sér mig nálgast. En það er núna eða aldrei. Ekki mun ég láta óttann draga mig til dauða. Óttinn var ekki einn af hryllilegu valkostunum þremur og ég ætla ekki að fjölga þeim valkostum á þessari stundu er ég stend eins nálægt ástinni og ég hef komist og með lykil að henni í þokkabót. Alla mína krafta ég nota og nú er ég kominn inn. Kraftar mínir duga þó ekki nóg í hitanum til þess að halda innkomu minni fullkomnri og um leið og allur líkama minn er kominn upp á gluggasýlluna fell ég á gólfið með svo miklum látum að hún vekur mér eftirtekt. Ég virðist hafa brugðið henni af viðbrögðum hennar að dæma en hún stekkur upp úr stólnum og að símanum. Ég veit að hún er að hringja í einhverja sem munu taka mig frá henni. Nú má ég engan tíma missa áður en að svartklæddu böðlar ástarinnar koma til þess að taka mig frá henni. Ekkert get ég gert á móti þeim, þeirra vopnum og kröftum. Ég veit að þegar símtalinu er lokið mun hún hlaupa í burtu. Af þessari visku í mikillri geðshræringu minni ég leita að tækinu sem mun halda henni kjurri. Hún er búin að segja til um heimilisfang og er því ekkert eftir nema að leggja á. Hendur mínar, sleipar af svita eiga erfitt með að láta undan stjórn og grip þeirra er ekki mikið. Tækið rennur sífellt úr greipum mér en akkúrat á því augnabliki er hún leggur tólið á og býst til þess að hlaupa á brott næ ég að kalla til hennar orðum sem stöðva fætur hennar. Hún starir á mig og ég næ gripinu á stöðvunartóli mínu. Hún sýnir mér að hún er tilbúin til þess að finna fyrir ólýsanlegu hamingju ástarinnar með því að lyfta höndum sínum upp í loft. Nú er hún tilbúin fyrir ástarálög mín og ævi við mína hlið. Líf okkar verður það sama og líf okkar verður eitt. Í þeirri stellingu sem hún er nú í finn ég hitann, þó lamandi sé, lækka örlítið sem gerir aðstæður fyrir galdra mína auðveldari. Eldur hennar fer dvínandi, ég finn það, ósigur eldsins er í nánd. Ég dreg upp blað mitt. Það er orðið blautt vegna svita og ekki sem best að lesa af því en það er núna eða aldrei. Eldurinn er innikróaður og getur ekki unnið á mér bug á þessu augnabliki. Augnablikinu sem verður hans síðasta. Ég hækka rödd mína og kveð mitt fagraða ljóð. Ég horfi á hana á milli þess er ég les upp orðin. Sé hvernig hún færir á mitt band og eldurinn lækkar og lækkar. Gleðitár færir á andlit hennar, hún er mín. Ástin hefur tekið völd í hennar hjarta og ekki er ég enn hálfnaður með ástarálög mín. Ég held áfram lestri mínum og heyri hljóð frá henni koma. Hljóð meyju þeirrar er finnur fyrir sannri ást í fyrsta skiptið. Nú er ekki mikið eftir og álögum mínum nánast lokið. Eldurinn er núna á stærð við loga af eldspýtu og hitinn í

algjöru meðallagi. Áætlun mín hefur gengið, minn versti óvinur hefur verið sigraður og mín mesta ást er nú loksins endurgöldin. Ég horfi á þennan litla loga sem átti eitt sinn nánast allann minn ótta, þennan litla saklausa loga sem hver einasta lífvera gæti slökkt á með einni sársaukalausri hreyfingu. En á meðan eldur logar er alltaf hætta á ferð, því veit ég að ég verð að klára ljóðið til þess að slökkva eldinn fyrir fullt og allt svo að ást mín og stúlkunar geti blómstrað um ár og aldir. Ég lít á blaðið og sé að ég er aðeins einni línu frá hinni ólýsanlegu hamingju. Ég horfi á stafina, opna munn minn en finn þá hita svo mikinn að ekkert honum líkum ég hef fundið áður þrátt fyrir alla mína bruna. Íbúðin stendur í ljósum logum. Olíu hefur verið skvett á litla logann. Ég kvaldi hann og nú er hann ákveðinn í að kvelja mig alveg jafnmikið. Íbúðin fyllist ekki aðeins af eldi heldur svartklæddu böðlum ástarinnar líka. Þeim sem alltaf hafa barist gegn ást minni og skvett olíu á eldinn í hvert skipti er hann kemst í klípu. Ég finn hendur þeirra á mér. Ólýsanlegur hitinn brennir af mér húð og hár. Ég finn að nú er ekki mikið eftir af mér og ef ég myndi sjá spegilmynd mína í augnablikinu myndi ég ekki þekkja hana. Hendurnar sterkar festa hendur mínar saman með gríðarlegri hörku, öskra í eyra mitt og svo finn ég kraft hatursins lemja andliti mínu í gólfið.

Ég veit ekki hvar ég er en mér líkar það ekki  
ég finn hjarta mitt kólna  
slíka dimmu, kulda og angist ég ei þekki  
ég finn hjarta mitt kólna  
ást mín er horfin ég veit hún er farin  
ég finn hjarta mitt kólna  
ég græt á gólfinu, sár, blár og marinn  
ég finn hjarta mitt kólna  
ég sem var svo nálægt hinni eilífu ást  
ég finn hjarta mitt kólna  
allt gekk eins og í sögu en samt eitthvað brást  
ég finn hjarta mitt kólna  
ég finn að lífið það fjarar úr mér  
ég finn hjarta mitt kólna  
allt er svo kalt og hryllilegt hér  
ég finn hjarta mitt kólna

þú brást mér og öllum

ég heyri hjarta mitt segja

á þinn lífsleið þú hefur engu valdið nema spjöllum

ég heyri hjarta mitt segja

þú varst aldrei þess verðugur til að lifa

ég heyri hjarta mitt segja

ekki til neins, ekki einu sinni aðeins til þess að horfa á klukkuna tifa

ég heyri hjarta mitt segja

þú ert veikur í hausnum og eftir því þú hagar þér

ég heyri hjarta mitt segja

heilbrigt hjarta svo óheppið að enda í þér

ég heyri hjarta mitt segja

þú ert hryllilegri en spillta blóðið rauða

ég heyri hjarta mitt segja

það gleður mig að draga þig til dauða

ég heyri hjarta mitt deyja